

1931, um breyting á lögum nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

70
12. apríl

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. apríl 1945.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.***BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

71

12. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að enn í ár sé nauðsynlegt að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Breytingar á skattalögum voru gerðar á þessu ári svo seint, að skattastörfum varð víða ekki lokið innan lög-
mæts frests.

Skatturinn verður ekki löglega á lagður nema frestir séu haldnir lögum samkvæmt og tel ég því nauðsynlegt, að fjármálaráðuneytinu verði, svo sem nokkur undanfarin ár, gefið heimild til að breyta umræddum tímaákvörðun-
um og frestum eftir því sem þurfa þykir.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. apríl 1945.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Pétur Magnússon.